

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Rauðhelli 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. janúar 2026 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Rauðhelli 13.

Breytingin felst í gerð viðbótarinnkeyrslu suðaustan megin við lóðina frá Hringhelli og í stækkun byggingarreits til suðurs um 2 m.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. janúar 2026.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 11. febrúar 2026